

26. apríl 1978.

99

Nr. 27.

L Ö G

um breytingu á lögum nr. 81 frá 23. júlí 1974, um Verðlagsráð sjávarútvegsins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Upphaf 2. málsgreinar 3. gr. laganna orðist svo:

Þegar ákveða skal verð á lifur og fiskúrgangi úr sjávaraflla öðrum en sild

2. gr.

Við 3. gr. laganna bætist 3. málsgrein, svo hljóðandi:

Þegar ákveða skal verð á sildarúrgangi, skal Verðlagsráð skipað sömu fulltrúum og um getur í 2. málsgrein 3. greinar um verðlagningu á fiskúrgangi, með þeirri breytingu, að í stað eins fulltrúa tilnefnds sameiginlega af fulltrúum frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Sölusambandi íslenskra fiskframleiðenda, fiskvinnslustöðvum á vegum Sambands íslenskra samvinnufélaga og Samlagi skreiðarframleiðenda, komi einn fulltrúi tilnefndur sameiginlega af fulltrúum Félags sildarsaltenda á Norður- og Austurlandi og Félags sildarsaltenda á Suðvesturlandi í Verðlagsráði. Um hæfi þessa fulltrúa gilda sömu ákvæði og um getur í 2. málsgrein.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 26. apríl 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

28. apríl 1978.

Nr. 28.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 29/1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. málsg. 8. gr. laganna orðist svo:

Stjórn sjóðsins skal sjá um ávöxtun á fé hans, og skal það gert á eftirfarandi hátt:

1. Í ríkisskuldabréfum.
2. Í skuldabréfum sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs.
3. Í skuldabréfum bæjar- og sveitarfélaga.
4. Í skuldabréfum fjárfestingarlánasjóða sem starfa samkvæmt lögum, þ. á m. veðdeilda banka.
5. Í hönkum og sparisjóðum sem fullnægja ákvæðum laga nr. 69/1941.
6. Í skuldabréfum tryggðum með veði í húseignum allt að 65% af brunabótamatsverði, eða sé brunabótamat ekki fyrir hendi þá af matsverði, sem ákveðið er af tveim mönnum, sem fjármálaráðherra tilnefni, og allt að 75% af fasteignamatsverði lóða í kaupstöðum og kauptúnum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum 28. apríl 1978.***Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Matthías Á. Mathiesen.***L Ö G****um breyting á lögum nr. 63/1974, um grunnskóla.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 10. gr. laganna bætist ný mgr., svo hljóðandi:

Heimilt er ráðherra að stofna sérstakt fræðsluumdæmi í sveitarfélagi með 10 þúsund íbúum eða fleiri, ef sveitarstjórn óskar þess og fjárveiting er fyrir hendi. Í slíkum tilvikum fer sveitarstjórn með hlutverk landshlutasamtaka samkv. lögum þessum.

2. gr.

Við 85. gr. laganna bætist ný mgr., svo hljóðandi:

Verði stofnuð fræðsluumdæmi samkv. 3. mgr. 10. gr. greiðir hlutaðeigandi sveitar- sjóður allan kostnað af rekstri fræðsluskrifstofu annan en föst laun fræðslustjóra, helming kostnaðar við ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu og helming húsaleigu, sbr. a-, c- og d-lið þessarar greinar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík 12. maí 1978.***Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

Vilhjálmur Hjálmarsson.